

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 06.12.2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar 6. desember 2018 í Skagabúð kl. 13:30

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson, Kristján Steinar Kristjánsson og Bjarney R Jónsdóttir.

Oddviti setti fund og stjórnáði honum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2019 og 2020-2022

2. Fjallskil

3. Ræsing

-fulltrúi f.h. Skagabyggðar

4. Bréf

a) Lausnamið ehf.

b) Skipulagsstofnun

c) Heimilisiðnaðarsafn

d) Jöfnunarsjóður - br. á reglugerð

5. Fundargerðir

a) Byggðasamlag um Tónlistarskóla 20. nóv. 2018.

-Fjárhagsáætlun

b) Þjónusturáð fatlaðra 20. nóv 2018.

-Fjárhagsáætlun

c) Byggðasamlag um skóla- og félagsþjónustu 5. nóv. og 14. nóv 2018.

6. Styrkbeiðnir

a) Stígamót

b) Aflið

c) USAH

d) SAHK

e) Bændur græða landið

f) Farskólinn

7. Kálfshamarsvík

8. Önnur mál

1. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun lögð fram fyrir næsta ár og einnig fyrir árin 2020 til 2022, fyrri umræða. Vísað til seinni umræðu.

2. Fjallskil

Umræður um fjallskil síðasta hausts. Vaxandi vandi hefur verið að menn hafa ekki mætt í þær göngur sem á þá hafa verið lagðar. Því er samþykkt að innheimta samkvæmt gangnaseðli þá upphæð sem svarar gangnadagsverkum sem á þá voru lögð. Heimild er til að leggja einnig á 50% álag á fjallskil og verður það gert frá og með haustinu 2019 ef gangnaálögum er ekki sinnt.

3. Ræsing

Óskað er eftir fulltrúa frá sveitarfélaginu í verkefnið. Linda Björk Ævarsdóttir er skipuð einróma sem fulltrúi Skagabyggðar.

4. Bréf

a) Lausnamið ehf.

Bréf frá fyriritækinu Lausnarmið ehf. þar sem bókhaldsþjónusta er boðin. Oddvita er falið að kanna kostnað og afla frekari gagna.

b) Skipulagsstofnun

Tvö bréf, annað fjallar um að Skipulagsstofnun hefur samþykkt námu í landi Hafna og hitt bréfið fjallar um að Skipulagsstofnun hefur samþykkt deiliskipulagslýsingu í Kálfshamarsvík.

c) Heimilisiðnaðarsafn

Óskað eftir stuðningi frá Byggðasamlagi um atvinnu og menningarmál við rekstur Heimilisiðnaðarsafnsins. Lagt fram til kynningar.

d) Jöfnunarsjóður - br. á reglugerð

Drög að breytingum á reglum Jöfnunarsjóðs til úthlutunar. Lögð fram til kynningar.

5. Fundargerðir

a) Byggðasamlag um Tónlistarskóla 20. nóv. 2018.

-Fjárhagsáætlun og fundargerð lagðar fram til kynningar.

b) Þjónusturáð fatlaðra 20. nóv 2018.

-Fjárhagsáætlun og fundargerð lagðar fram til kynningar.

c) Byggðasamlag um skóla- og félagsþjónustu 5. nóv. 2018. Fundargerð, lögð fram til kynningar.

6. Styrkbeiðnir

a) Stígamót

Samþykkt að veita styrk að upphæð 10 þúsund krónur.

b) Aflið.

Samþykkt að veita styrk að upphæð 20 þúsund krónur.

c) USAH

Samþykkt að veita styrk að upphæð 80 þúsund krónur.

d) SAHK

Söfnun vegna kaupa baðlyftu á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi. Samþykkt að veita styrk að upphæð 50 þúsund krónur.

e) Bændur græða landið.

Styrkbeiðni frá Landgræðslu ríkisins vegna verkefnisins Bændur græða landið. Samþykkt að veita styrk að upphæð 30 þúsund krónur.

f) Farskólinn.

Ósk um rekstrarstyrk fyrir árið 2019.

Samþykkt að veita rekstrarstyrk alls 19 þúsund krónur.

7. Kálfshamarsvík

Borist hafa umsagnir og athugasemdir um deiluskipulag fyrir Kálfshamarsvík frá Skipulagsstofnun, Vegagerðinni og Umhverfisstofnun. Tillögunni frá Landslagi vísað til Byggingar og skipulagsnefndar til umsagnar.

8. Önnur mál

Umræður um sorphirðu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:15.

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Magnús Guðmannsson

Bjarney R Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson